

Breyting á gjaldskrá – Skólagarðar – Fjölskyldugarðar

Áður hét þetta verkefni Skólagarðar og var eingöngu fyrir börn en í dag er unnið eftir ÍTH samþykkt frá 19. janúar 2017 um að verkefnið kallist Fjölskyldugarðar. Þar með geta allir sótt um og nýtt sér aðstöðu til matjurtaræktun. Forsendur hafa breyst mikið síðustu ár og þess vegna óskum við eftir að gjaldskrá breytist.

Í dag eru það frekar fullorðið fólk sem er að rækta og tekur það börnin með. Fullorðna fólknið hefur allskonar hugmyndir og er með eigið útsæði, fræ og forræktað grænmeti.

Í gamla verðinu var innifalið í gjaldinu kartöfluútsæði og forræktað grænmeti og tveir garðar, annar fyrir grænmeti og hinn fyrir kartöflur. Starfsmaður var á staðnum hluta úr hverjum virkum degi í fyrra rigndi það mikið að örfáir höfðu áhuga á að nýta sér garðana, við opnuðum eftir 20. júní og mikið magn af forræktaða grænmetinu fór forgörðum. Það er að okkar mati ekki forsvaranlegt að panta á kostnað Hafnarfjarðarbæjar útsæði og forræktað grænmeti um miðjan vetur og selja það sem hluta af aðgengi að görðunum næsta sumar. Í þessu er áhætta og lítil eftirspurn eftir sölubjónustu okkar.

Nú er stefnt að því að við leigjum út 10 fermetra garð fyrir 1500 kr. Hafnarfjarðarbær verður búin að plægja, verður með aðgengilegt vatn á staðnum og aðgengi að verkfærum. Ekki verður önnur þjónusta né útsæði inni í gjaldinu.

Núverandi gjaldskrá:

+ Hafnarborg	
Æskulýðs- og íþróttamál	
+ Sundstaðir Hafnarfjarðar	
+ Heildagsskóli / frístundaheimili	
- Sumarnámskeið	
Gjaldskrá fyrir sumarnámskeið	
Íþrótt- og leikjanámskeið, ein vika hálfan daginn*	4.450 kr.
Íþrótt- og leikjanámskeið, ein vika allan daginn*	8.950 kr.
Leikjanámskeið fyrir útskriftarhópa leikskólanna, tvær vikur hálfan daginn*	5.900 kr.
Leikjanámskeið fyrir útskriftarhópa leikskólanna, tvær vikur allan daginn*	11.950 kr.
Þátttökugjald í skólagörðum*	5.000 kr.
Þátttökugjald í tómstund*	5.000 kr.
5 skipta klippikort	1.150 kr.
10 skipta klippikort	2.150 kr.
*veittur er 50% systkinaafsláttur	

Því er óskað eftir breytingu á gjaldskrá þannig að einn garður kosti 1500 kr. en velji fjölskylda að taka tvo þá kosti það 2500 kr.

Geir Bjarnason 4. júní 2019